

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 126/1259
komudagur 19.2.2001



19.febrúar 2001

Umsögn SVP- Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996.

I. Inngangur

Með vísan til bréfs yðar, dags. 6. febrúar 2001 sendast yður hér með athugasemdir SVP- Samtaka verslunar og þjónustu (SVP) við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/184, sbr. lög nr. 101/1996. Fulltrúar nokkurra verslana og verslanasamstæðna innan vébanda SVP komu að samningu þessarar umsagnar auk starfsmanna samtakanna.

Ákvæði í frumvarpi því sem liggur fyrir felur í sér verulega auknar kvaðir á þá sem stunda verslunarrekstur og aukna gjaldtöku sem mun að öllum líkindum leiða til þess að hluti þeirra verslana sem selja tóbak verða að minnka þjónustustigið í verslunum sínum. Það er mat SVP að frumvarpið sé óásættanlegt í óbreyttri mynd.

II. Athugasemdir við einstakar greinar

Um 6. gr., c lið, síðasta málsgrein:

Ljóst er að ákvæði um að tóbak megi ekki vera sýnilegt á útsölustöðum veldur verslunareigendum verulegum vandræðum. Viða þyrfti að hanna útsölastaði að nýju og breyta þeim með tilliti til þessa ákvæðis. Slíkt myndi augljóslega hafa mikinn kostnað í för með sér. Nánar þyrfti að lýsa útfærslu á þessu ákvæði. Til dæmis vaknar sú spurning hvort afhenda megi vindlingapakka yfir afgreiðsluborð svo hann kunni að verða sýnilegur öðrum viðskiptavinum verslunarinnar eða hvort hann þarf að vera hulinn?

SVP vísar til jafnræðisreglu hvað varðar sýnileika á öðrum vörum sem kunna að vera skaðlegar. Nú er heimilt að hafa áfengi sýnilegt í hillum áfengisverslana og á kaffi- og veitingastöðum þar sem það er selt, skotfæri í verslunum og hættuleg efni eru sýnileg í hillum byggingavöruverslana og annarra sérverslana. Alls konar lottó- og lukkumiðar eru sýnilegir á sölustöðum þó að þekkt sé að til eru spilafiklar. Með vísan til þeirra sjálfsögðu réttinda að hafa þessar söluvörur sýnilegar verður ekki séð með hvaða rökum ætti að banna að tóbak sjáist á sölustað.

SVP telja ekki að þetta ákvæði leiði til þess að fullnægja þeim markmiðum frumvarpsins, að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks.

Um 7. gr., b lið, önnur málsgrein:

SVP telja að það ákvæði sem bannar yngra fólk en 18 ára að selja tóbak hafi alvarlegar afleiðingar jafnt fyrir verslunarrekstur þeirra sem selja tóbak svo og fyrir ungt fólk sem aflar sér tekna með störfum í verslunum.

Starfsfólk vinnur að sjálfsögðu í umboði eigenda og stjórnenda sölustaða og á ábyrgð þeirra. Hér virðist stefnt að því að innleiða þá meginreglu, að sölumaður skuli hafa notkunarrétt á þeirri vöru sem hann selur. Þetta er að mati SVP fráleit regla og þýddi t.d. að starfsmenn sportvöruverslana þyrftu að hafa byssuleyfi til að selja byssur og skotfæri, starfsmenn sem selja ökutæki og vinnuvélar próf á umrædd tæki og bátasalar skipstjórnarréttindi. SVP hefur hvatt aðildarfyrirtæki til að áminna starfsfólk um að fara að lögum varðandi smásölu á tóbaki og hefur nú ásamt fleirum hrint af stað átaki til að áréttta þetta, m.a. með skiltum og miðum í verslunum. En sú ályktun sem dregin er í greinargerð frumvarpsins um að löghlýðni fylgi aldri er ósönnuð auk þess sem viðbótartexti á sama stað um að forða ungmennum frá því að *vera settir í* að selja heilsuspillandi og vanabindandi efni eru öfgakenndur þegar haft er í huga að þarna er verið að ræða um löglegan söluvarning frá ríkiseinkasölu yfirstjórnar heilbrigðismála.

Ef þetta ákvæði nær fram að ganga verður víða erfitt fyrir verslunareigendur að manna sölustaði. Ljóst er að fækkun starfsfólks muni leiða til minni þjónustu í matvöruverslunum og stytta afgreiðslutíma. Starfsfólk undir 18 ára er víða mjög mikilvægur starfskraftur þegar skortur er á vinnuafli eins og nú er. Hér er um að ræða framhaldsskólanema sem fjármagna skólagöngu sína að hluta með vinnu í fríum. Atvinnumöguleikar þessa unga fólks minnka verði þetta ákvæði samþykkt.

SVP telja að beita þurfi jafnræðisreglu í þessu tilviki. Í því sambandi má benda á að á kaffi- og veitingahúsum þar sem selt er áfengi eru starfsmenn oft á tíðum undir 20 ára aldri, sem er lágmarksaldur þeirra sem mega kaup áfengi. Þarna er ekki aðeins um að ræða nema sem eru á undanþágu frá aldursmörkum til að vera inni á þessum stöðum.

Verslunarrekendur sem selja tóbak telja sig hafa átt mjög gott samstarf við heilbrigðisnefndir um að framfylgja reglum varðandi bann við sölu tóbaks til þeirra sem eru yngri en 18 ára. Virkt eftirlit er með þessum hlutum og átaksverkefni sem í gangi hefur verið er unnið í góðri og árangursríkri samvinnu verslana og eftirlitsstofnanna. Þetta þrátt fyrir fullyrðingar tóbaksvarnarmanna um að ungmennum undir lögdaldi sé selt tóbak. Niðurstöður úr athugunum þeirra á sölu tóbaks til ungmenna telur SVP vera mjög villandi.

Jafnframt bendir SVP á að í nágrannalöndum okkar er ekki talin þörf á reglum sem þessum. Á Norðurlöndunum er fólki undir 18 ára aldri heimilt að selja tóbak. Enda verður ekki séð að komið verði í veg fyrir að fólk undir 18 ára aldri geti keypt tóbak þó afgreiðslufólkið sé yfir þeim aldri.

Um 7. gr., b lið, fjórða málsgrein:

SVÞ eru andvíg þeirri tillögu að smásala á tóbaki verði háð leyfisveitingu. Samtökin eru alfarið á móti því að leyfisskylda sölu á einstaka vöruflokkum í verslunum og telja óvíst hvar slíkt getur endað. Þetta er einnig í andstöðu við samtíma lagasmíði og má í því sambandi benda á að í lögum um verslunaratvinnu sem tóku gildi í byrjun árs 1999 voru verslunarleyfi felld niður. Skýringin sem fram kemur á þessu er sú að atvinnuréttindi séu mannréttindi og ekki leyfisskyld. Þetta er gildandi viðhorf í evrópskri lagagerð nú um stundir. Í frumvarpinu segir að sveitarfélögum verði heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi og eftirlit með starfsemi leyfishafa. Ekki verða séð hver rökin eru fyrir þessari gjaldtöku. Heilbrigðisnefndir á vegum sveitarfélaga hafa þegar eftirliti að gegna með smásöluverslunum sem greiða fyrir það eftirlit. Í því felst m.a. eftirlit á sölu tóbaks þannig að ekki yrði um að ræða nýjar eftirlitsaðgerðir. Bent er á að Hæstaréttadómur er fyrir því að á bak við gjaldtöku verði að búa raunkostnaður, annars sé um að ræða skattlagningu.


Í greinargerð með frumvarpinu segir um þessa grein m.a.: ”Skráning sú sem leiðir af leyfisskyldu ætti að auðvelda eftirlit með sölustöðum tóbaks og yfirsýn yfir söluna og vænta má að leyfisskylda verði til þess að sölustöðum fækki og við það dragi úr heildarsölu tóbaks”. Að sjálfsgöðu liggur fyrir í gögnum ÁTVR hverjir kaupa tóbak þannig að ekki þarf leyfisskráningu til að fá yfirlit um hverjir þetta eru. Það að ríkið sem selur smásölu tóbak þrengi síðan kosti söluaðila, sem annast þá þjónustu við neytendur að dreifa þessari löglegu söluvöru í smásölu, og fækki þeim með sektum og leyfissviptingum til að draga úr sölu tóbaks telur SVÞ að sé afar einkennileg ráðstöfun.

III. Lokaorð

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu eru næst fjölmennustu atvinnuvegasamtökin innan Samtaka atvinnulífsins, með um 400 aðildarfyrirtæki í verslun og þjónustu. Innan vébanda SVÞ hefur farið fram nokkur umræða um frumvarpið sem hér um ræðir. Í framangreindum athugasemdum hefur verið leitast við að geta þeirra atriða sem mikilvægust þykja fyrir rekstur og afkomu verslunarinnar. SVÞ hvetur til löghlýðni og hefur lagt sitt af mörkum til að stuðla að því að tóbakssala aðildarfyrirtækja sé í þeim farvegi sem lög ákveða. Verslunareigendur hafa framfylgt þeim lögum og reglum sem sett hafa verið eftir bestu getu og telja fullyrðingar um annað vera ómaklegar og stundum byggðar á röngum forsendum. SVÞ telja að gæta verði þess að ekki sé farið offari í aðgerðum til tóbaksvarna. Mikilvægt er að sátt verði um aðgerðir þannig að þær skili tilætluðum árangri. Er þess vænst að umsögn SVÞ- Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp þetta verði mætt með jákvæðu hugarfari.

Virðingarfyllst

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri